

Menntaskólinn í Kópavogi

Ársskýrsla 2020

Menntaskólinn í Kópavogi

Hótel og matvælagsskólinn

Ferðamálagsskólinn

Leiðsöguskólinn



Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur skólameistara.....	3
Hlutverk og stefna	4
Námsframboð	5
Nemendafjöldi.....	5
Brotthvarf.....	6
Brautskráningar.....	8
Skólinn á Covid tímum	10
Könnun meðal forráðamanna nemenda yngri en 18 ára	15
Gæðastjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi.....	16
Félagslíf í MK.....	18
Námsráðgjöf í MK	19
Erlent samstarf.....	20
Afrekssviðið	21
Forvarnir.....	22
Ferðamálastólaskólinn.....	23
Leiðsöguskólinn.....	24
Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur	26
Jafnréttisnefnd	27
Fagnámskeið.....	28
Skólanefnd 2020.....	29
Mannauður 2020.....	29
Fjármál 2020.....	32
Stefnumiðuð áætlun 2020-2022.....	34

Inngangur skólameistara

Vor 2020

Árið 2020 hófst með hefðbundnum hætti en blíkur voru á lofti strax í janúar því úti í heimi var farsótt í fæðingu hinum megin á hnettinum. Þann 13. mars 2020 var tilkynnt um almennt samkomubann á Íslandi sem og lokun framhalds- og háskóla svo hefta mætti útbreiðslu kórónuverunnar í íslensku samfélagi.

Fyrirvaralítið fengu kennarar skólans í hendur það risavaxna verkefni að færa sig frá staðkennslu í fjarkennslu á einni helgi, en frá og með mánudeginum 16. mars varð öll kennsla með fjarnámssniði, bæði bókleg og verkleg. Við aðstæður sem þessar kom sér vel að kennarar við Menntaskólanum í Kópavogi nýta upplýsingatækni mikið í sinni kennslu og námsefni og námsmat er mikið til rafrænt.

Engu að síður þurfti að aðlaga námsmat og breyta kennsluáætlunum í samræmi við breytt kennslufyrirkomulag með tilheyrandi álagi á kennara og nemendur skólans. Verkleg kennsla lá meira og minna niðri í fimm vikur en hugmyndaflug kennara gerði þó það að verkum að nemendur gátu unnið einhverjar verklegar æfingar heima fyrir. Á vorönn 2020 hugsaði fólk út fyrir boxið. Þetta var erfið önn en lærdómsrík.

Kennsla í bóklegum greinum hélst í fjarnámi til vorsins en nemendur máttu koma í skólann 4. maí í verklegar kennslustundir undir ströngum samkomutakmörkunum þar sem grímuskylda varð þá þegar hluti af raunveruleika nemenda og kennara í verknámi. Öll bókleg kennsla var með fjarkennslu-sniði til vorsins og öll próf voru rafræn. Þreyttir nemendur og kennarar gengu því glaðbeitt inn í sumarið sem lofaði góðu með fáum smitum.

Útskrift

Þótt létt hefði verið á samkomutakmörkunum í maí 2020 dugði það ekki til þess að unnt væri að útskrifa nemendur með hefðbundnum hætti frá Digraneskirkju. Með því að skipta útskriftarefnum upp í minni hópva var þó hægt að bjóða þeim á staðinn, ramma inn stundina og gera hátíðlega. Aðstandendur fylgdust svo með yfir netið en frá vori 2020 hafa allar útskriftarathafnir í Menntaskólanum í Kópavogi verið sendar út. Þannig voru nemendur skólans útskrifaðir í mismunandi hópum: kvöldnámi, bóknámi, verknámi, starfsbraut og með sérstakri athöfn fyrir Leiðsöguskólann.

Haust 2020

Eftir tiltölulega gott sumar var ljóst að allt starf á haustönn 2020 yrði háð samkomutakmörkunum. Kennsla í bóklegum greinum var meira og minna í fjarnámi alla önnina en með útsjónarsemi tókst að halda úti nær óskertri kennslu í verklegum greinum. Það setti svip sinn á starf haustannar að á tveggja til þriggja vikna fresti breyttust viðmið um samkomuheimildir og þurfti oft að senda skilaboð á starfsfólk og nemendur skólans um breytt fyrirkomulag með litlum fyrirvara. Leiðbeiningar um innganga, sóttvarnarhólf og fjöldatakmarkanir í rýmum voru stöðugt að breytast og máttu allir hafa allt sitt við að fylgja reglum á hverjum tíma.



Síðasti kennsludagur fyrir Covid lokun í mars

Útskrift

Samkomutakmarkanir voru enn þrengri við útskrift haustannar og því var brugðið á það ráð að halda rafræna útskriftarathöfn í Digraneskirkju með hefðbundnum dagskrárliðum þar sem bæði nemendur, aðstandendur og starfsfólk skólans sátu heima og fylgdust með. Fyrr um daginn voru öll útskriftarefni boðuð í Digraneskirkju í litlum hópum þar sem þau gengu eitt og eitt inn gólfíð í Digraneskirkju og tóku við skirteinum og settu upp húfur. Aðstandendur gátu fylgst með beinu streymi frá kirkjunni allan daginn og verið með sínu fólki í anda. Athöfnin sjálf var svo send út, með ræðum og tónlistarflutningi, stund sem svo sannarlega var hátíðleg þótt óhefðbundin væri og gátu allir sem vildu fylgst með að heiman.

Árið 2020 verður eftirminnilegt. Það var erfitt en það var líka lærdómsríkt. Menntaskólinn í Kópavogi býr yfir miklum mannauð. Starfsfólk Menntaskólans í Kópavogi leiddi nemendur skólans í gegnum erfiða tíma á árinu af alúð, umhyggju og stakri fagmennsku. Fyrir það ber að þakka enda ómetanleg.

Hlutverk og stefna

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum, og kennsla ferðagreina í dagskóla og kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfá þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar.


Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólstarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar. Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.

starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007 er skilgreint í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára fyrir Menntaskólann í Kópavogi.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Til að vinna að hlutverki og stefnu skólans hefur skólinn skilgreint eftirfarandi stefnuskjöl sem birt eru á heimasíðu skólans (www.mk.is) og í stjórnunarhandbók MK.

- Alþjóðastefna
- Eineltis- og áreitnistefna
- Fjölmenningsstefna
- Forvarnarstefna
- Gæðastefna
- Heilsustefna
- Innkaupastefna
- Jafnréttisstefna
- Menntastefna
- Starfsmannastefna
- Stjórnunarhættir
- Umhverfisstefna
- Upplýsingatæknistefna
- Vinnuverndarstefna



**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI LEGGUR
ÁHERSLU Á ÞEKkingu, ÞROSka, ÞRÓUN OG
ÞÁTTTÖKU Í ALLRI STARFSEMI SKÓLANS MEÐ
HAG NEMENDA OG STARFSMANNA AÐ
LEIÐARLJÓSI**

Námsframboð

Árið 2020 voru eftirtaldar námsbrautir starfræktar við Menntaskólann í Kópavogi:

ALÞB	Alþjóðabraut / málabraut*	FRH1	Framhaldsskólabr.	MEI	Meistaraskóli
AS	Afrekssvið	GMF	Grunnd. matvæla- og ferðagreina	MT	Matartæknaþraut
BA9	Bakaraíðn	KÖ9	Kjötiðn	OPBR	Opin þraut
FSK	Ferðamálaskóli*	LE	Leiðsögunám	ST3	Starfsþraut
FGBR	Félagsgreinaþraut	MA9	Matreiðsla	RGBR	Raungreinaþraut
FR9	Framreiðsla	MS9	Matsveinanám	SR2	Skrifstofuþraut
				VSBR	Viðskiptaþraut

*Ekki innritað á ALÞB og málabraut frá haustönn 2018

*Ekki innritað í Ferðamálaskóla frá haustönn 2018

Nemendafjöldi

2020		VOR 2020		Samtals vorönn	Haust 2020		Samtals haustönn
		KVK	KK		KVK	KK	
	Braut						
Alþjóðabraut	APBR	3	2	5	2	0	2
Bakstur	BA9	4	7	11	5	10	15
Félagsgreinaþraut	FGAS	75	21	96	5	7	12
Félagsgreinaþraut - afrekssvið	FGBR	1	3	4	76	25	101
Framreiðsla	FR9	14	17	31	7	17	24
Framhaldsskólabraut	FRH1	19	35	54	20	41	61
Ferðamálaskóli	FSK	7	1	8	13	1	14
Grunndeild matvæla og ferðagreina	GMF	12	19	31	10	29	39
Kjötiðn	KÖ9	0	7	7	0	2	2
Leiðsöguskólinn	LE	21	21	42	21	32	53
Matreiðsla	MA9	13	60	73	24	83	107
Meistaraskólinn	MEI	13	33	46	16	44	60
Matsveinar	MS9	17	3	20	30	3	33
Matartæknar	MT	2	1	3	19	2	21
Opin þraut - afrekssvið	OPAS	4	10	14	10	23	33
Opin þraut	OPBR	50	60	110	84	106	190
Ótilgreint nám	ÓTN	59	65	124	26	0	26
Raungreinaþraut - afrekssvið	RGAS	4	3	7	7	14	21
Raungreinaþraut	RGBR	30	46	76	26	40	66
Skrifstofuþraut	SR2	1	0	1	0	0	0
Starfsþraut einhverfra	ST3	6	7	13	7	11	18
Viðskiptaþraut afrekssvið	VSAS	1	1	2	1	16	17
Viðskiptaþraut	VSBR	21	52	73	17	52	69
	Samtals.	377	474	851	426	558	984
Ársmemendur (miðað við fullt nám)				644			832

Yfirlit yfir þróun nemendafjölda 2010-2020 Heildarfjöldi nemenda – meðaltal haustanna og voranna

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
FRH Almenn námsbraut - Framhaldsskóli	28	42	45	41	48	47	48	58	58	65	57
BAG Bolarsíðni	7	6	4	8	8	6	7	8	15	12	13
FE Ferðamálanám	54	36	35	40	38	33	34	25	15	9	11
FGBR Félagsfræðibraut	383	428	376	340	319	286	246	211	140	111	107
FRG Framreiðsla	13	11	17	24	30	26	27	28	31	31	28
GMF Grunnám matvælagreina (ANG, GMV, GN)	117*	79	86	81	80	102**	64	85	36***	27	25
KDÞ Kjörðni	1	2	0	5	4	8	0	1	0	5	5
LE Leiðsögunám	68	74	76	81	79	76	74	75	61	44	48
MAÞ Matreiðsla	38	35	51	49	55	58	61	71	108	94	90
ALPB Málbraut - Algjöfbraut	80	81	71	73	93	84	70	61	40	12	0
MÞ Meistaránám	30	37	38	26	32	50	55	57	59	53	53
MÞ Matvælanám	25	24	27	28	18	11	24	14	29	14	27
MT Máttáttæðingarátt	14	16	20	17	11	15	0	16	1	11	12
RGBR Náttúrufræðibraut - Raungreinabraut	248	260	272	246	249	239	204	160	120	87	85
SR Skrifstofubraut	76	112	134	115	101	55	0	0	17	0	0
ST Starfsbraut	8	14	12	9	13	14	15	14	13	17	16
VSRB Viðskipta- og hagfræðibraut	89	97	108	117	114	126	117	120	84	84	81
VI Hagnýtt fjármála- og viðskiptanam	16	0	25	0	31	23	38	0	0	0	0
VSS Iðnskúdentar	1	1	2	5	4	2	2	0	1	0	0
SD.Þek. Grunnskólanemar	0	0	2	92	157	88	24	40	57	0	0
CR Cesar Bita	9	8	10	0	13	0	0	0	0	0	0
UN Listnámsbraut	1	2	1	1	0	0	0	0	0	0	0
OPBR Opin braut							12	45	125	162	174
Annað											76
Samtals	1286	1366	1414	1399	1505	1343	1123	1089	1005	858	918

*ANG reiknað með GN frá hausti 2010
 **GMF reiknað með GMV frá hausti 2015
 ***Aðeins GMF frá hausti 2015

Brotthvarf


Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi nemenda. Stöðuhlutfall fjarvistafulltrúa hefur verið hækkað og heldur einn starfsmaður skólans utan um fjarvistir lögráða nemenda samhliða stuðningi við félagslíf nemenda.

Umsjónarkennarar nemenda undir 18 ára fylgjast með nemendum og ástundun þeirra og taka við þau regluleg viðtöl. Námsráðgjafar fylgja eftir útskriftarefnum bæði í bók- og verknámi. Reglur um mætingar og ástundun hafa verið skerpтар og þeim fylgt fast eftir. Námsráðgjafar eru í samvinnu við foreldra/forráðamenn margra nemenda sem standa höllum fæti. Samskiptin fara fram í viðtölum í skólanum, með


símhringingum og tölvupósti. Foreldrum allra nýnema er boðið á sérstaka kynningu í skólanum og þeir hvattir til að vera í reglulegu sambandi við skólann ef eitthvað er.

Allir nýnemar skólans eru á fyrstu námsönn sinni í skólanum í sérstökum áfanga með umsjónarkennara sínum þar sem þeim er kennt að halda utan um nám sitt og þau frædd um það sem skiptir máli varðandi námið og uppbyggingu námsferilsins. Námsráðgjafar vinna með framtíðarsýn nemenda og leiðbeina þeim með kynningum á námsleiðum og störfum í samfélaginu.


Ástæður fyrir brotthvarfi úr bóknámi vorönn 2020 – 19 nemendur



Ástæður fyrir brotthvarfi úr bóknámi haustönn 2020 – 12 nemendur (Covid)




Brotthvarf, kyn




Brautskráningar


BRAUTSKRÁÐIR, VOR 2020 BRAUTIR, FJÖLDI OG KYN



BRAUTSKRÁÐIR, HAUST 2020 BRAUTIR, FJÖLDI OG KYN




Stúdentar 2020 Piltar 51%, stúlkur 49%




Skipting stúdenta eftir grunnskólum

Vor 2020, samtals 72 stúdentar



Skipting stúdenta eftir grunnskólum

Haust 2020, samtals 58 stúdentar



Skólinn á Covid tímum


Þegar skólum landsins var lokað þann 13. mars unnu kennarar MK mikið þrekvirki og náðu að umbreyta kennslufyrirkomulagi yfir í fjarnám á nánast einni nóttu. MK hefur um árabíl verið leiðandi í tölvustuddri kennslu og kennarar því vel í stakk búnir að takast á við svo víðtækar breytingar. Kennsla var með fjarkennslusniði út vorönnina. Próf fóru fram samkvæmt próftöflu í maí en öll próf voru heimapróf í bóklegum greinum en sem betur fer var hægt að halda verkleg próf og sveinspróf á staðnum. Haustönnin var með svipuðu sniði þótt unnt væri að fá nemendur í hús í smærri hópum. Einnig var hægt að leggja próf fyrir á staðnum og fóru haustannarpróf fram í skólanum samkvæmt próftöflu í desember.

Vegna þessa mikla uppbrots á skólastarfinu og álags á nemendur og kennara var ákveðið að leggja fyrir könnun um nám og líðan í MK á tímum Covid-19 í stað hefðbundins áfangamats. Könnunin var opin í rúma viku á netinu og gátu allir nemendur dagskólans tekið þátt. Alls bárust 368 svör og var svarhlutfallið 38%. Spurningar


voru 50 talsins og komu m.a. inn á líðan nemenda, breytt kennslufyrirkomulag vegna Covid, virkni í námi og félagslíf. Dreifing eftir kyni og aldri var frekar jöfn en þó var nýnemahópurinn hlutfallslega fjölmennastur af þeim sem tóku þátt.

Niðurstöður voru mun jákvæðari en vænta mátti, bæði varðandi líðan nemenda sem og breytt kennslufyrirkomulag vegna Covid. Um 67% nemenda sögðust líða mjög vel eða vel en tæp 8% að þeim liði illa eða mjög illa. 25% svöruðu hvorki vel né illa. Þegar niðurstöður eru greindar út frá aldri kemur nýnemahópurinn talsvert betur út en eldri nemendur. Tæp 76% nýnema segjast líða mjög vel eða vel á meðan hlutfallið er einungis um 53% hjá nemendum fæddum 2002. Rúmlega 1% nýnema segist líða illa en hlutfallið hjá nemendum fæddum 2002 er tæplega 14%. Þessi munur á líðan eftir aldri kemur fram í fleiri spurningum þannig að eldri nemendur virðast vera að kljást við meiri vanlíðan en yngri nemendur vegna Covid-19.


Svör við spurningunni „Hvernig líður þér í MK?“



Svör við spurningunni um líðan í MK greind eftir aldri



Líðan í MK eftir kyni



Einnig má greina mun á líðan nemenda eftir kyni og virðast stúlkur vera að glíma við meiri vanlíðan en piltar vegna ástandsins. Um 46% stúlkna sögðust hafa liðið frekar illa eða illa andlega eftir að Covid byrjaði en hlutfallið hjá piltunum er 30%. Ef við skoðum þá sem líður mjög vel er hlutfallið 28% hjá stúlkum en 47% hjá strákuum. Stelpur eru að skora hærra þegar kemur að streitu, kvíða eða vanlíðan heldur en


strákar. Varðandi breytt kennslufyrirkomulag vegna covid eru stelpurnar hins vegar ánægðari en strákarinnir og vilja frekar fylgja stundatöflu í fjarnáminu.

Könnunin var framkvæmd til að fá vísbendingar um líðan nemenda á óvissutímum og hvernig best mætti haga kennslufyrirkomulagi vorannar. Svarhlutfall er ekki nægilega hátt til að hægt sé að


alhæfa út frá niðurstöðum en gefur samt hugmynd um það sem er í gangi hjá nemendum skólans. En niðurstöðurnar rima ágætlega við það sem kemur fram í könnunum í öðrum skólum og í samfélaginu almennt. Það er því ljóst

að það þarf sérstaklega að passa upp á stúlkurnar á þessum covid tímum og einnig gefa niðurstöður til kynna að eldri nemendur séu að glíma við meiri vanlíðan en yngri nemendur.


Hvernig hefur þér gengið að aðlagast skipulagi skólans í haust?




Hvernig finnst þér álagið vera í fjarnámi miðað við hefðbundið skólahlald í staðnámi?




Hvernig kennslufyrirkomulag hentar þér best á Covid tímum?




Hvernig finnst þér að fylgja stundatöflunni í fjarnámi?



Hvernig hefur þér liðið andlega eftir að Covid byrjaði?



Ertu ánægð/ur með ráðstafanir skólans í sóttvörnum?




Könnun meðal forráðamanna nemenda yngri en 18 ára


Undir lok nóvembermánaðar lagði skólinn stutta könnun fyrir forráðamenn nemenda undir lögaldri og var þeim sendur tengill á könnunina í tölvupósti. Alls söfnuðust 240 svör, lang flest frá forráðamönnum nemenda fæddra 2004 eða síðar, eða 155 (64,6%). Svör frá forráðamönnum nemenda fæddra árið 2003 voru 76 talsins (31,7%) en aðeins 9 (3,7%) fyrir aldurshópin sem fæddur er 2002. Þó svarhlutfallið sé ekki stórt gefur það ágætis vísbendingar um viðhorf foreldra til ráðstafana skólans vegna Covid-19.

Spurningar í könnuninni voru alls 11 talsins. Spurt var um skipulag og stundatöflu, álag í námi, þjónustu námsráðgjafa, sóttvarnaráðstafanir og upplýsingagjöf frá skólanum. Lokaspurningin var opin og gafst forráðamönnum þar kostur á að koma með ábendingar. Í opnum svörum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem skólinn mun nýta sér á komandi önnum.


Ríflega 60% svarenda töldu að barninu þeirra hefði gengið vel eða mjög vel að aðlagast breyttu skipulagi skólans á haustönn.




Stór meirihluti svarenda var einnig jákvæður í garð spurningar um það hvernig barninu gengi að fylgja stundatöflunni í fjarnámi.



Hvernig finnst þér álagið vera hjá barninu þínu í fjarnámi miðað við hefðbundið skólastarf í staðnámi?



Telur þú að upplýsingar frá skólanum séu nægilega aðgengilegar og skýrar?



Gæðastjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi

Við Menntaskólann í Kópavogi eru rekin þrjú gæðakerfi: ISO 9001:2015 fyrir allan almennan rekstur skólans, HACCP hreinlætis- og matvælaöryggiskerfi í kennsluumhverfi matvælagreina og þá hefur skólinn frá hausti 2019 haft vottaðan jafnlaunastaðal IST85:2012.

Með innleiðingu og vottun á IST:85 jafnlaunastaðli geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Reglubundið eftirlit skv. gæðakerfi MK

Meðal reglubundinna verkefna til viðhalds á ISO 9001 gæðakerfinu er skráning og staðfesting til þess bærara aðila á rekstrarskjölum er snúa að meginstarfsemi skólans. Helstu rekstrarskjöl eru:

- Kennsluáætlanir** í annarbyrjun.
- Miðannarskýrslur** um miðja önn.
- Áfangaskýrslur** við annarlok, ásamt staðfestingu á færðum einkunnum í INNU.

Þessi skjöl eru aðgengileg á rafrænu formi í skjalavistunarkerfi skólans (GoPro). Sú breyting var gerð á verklagi á liðnu ári að kennarar færa skjöl og upplýsingar beint inn í innra upplýsingakerfi skólans þar sem gæðastjóri yfirfer gögnin ásamt gæðaráði áður en þau eru endanlega vistuð í skjalavistunarkerfi skólans.

Ef þörf hefur verið talin á sérstökum aðgerðum hafa mál fengið umfjöllun hjá stjórnendum og fundin er lausn í samráði kennara við deildarstjóra og/eða skólameistara.

Upplýsingar úr rekstrarskjölum eru greindar á rýnifundum gæðaráðs eftir hverja önn m.t.t. falls milli anna, skiptingar á milli prófahluta og verkefnahluta í áföngum, athugasemda um aðbúnað og námsgögn eða annarra athugasemda sem talið er að þurfi skoðunar við.

Rýni þessara rekstrarskjala - kennsluáætlana,

ISO gæðakerfi skólans samanstendur af yfir 200 skjölum sem stöðugt þarf að halda við, bæta og breyta eftir því sem gæðakerfið þróast. Það er einmitt einn megin kostur gæðakerfisins hve sveigjanlegt það er og öll aðlögun að nýjungum og almennri framþróun er gerð auðveld.

Ytri vottun ISO kerfisins fer fram tvisvar á ári af fyrirtækinu Vottun ehf. Heilbrigðiseftirlitið tekur út matvælarými skólans árlega. Þá eru einnig gerðar utanaðkomandi gerlamælingar í öllum matvælarýmum árlega.

miðannarskýrslna og áfangaskýrslna og einkunnskila - tryggir að vöktun fari fram á starfi kennara við MK og gefur færi til úrbóta um leið og frávika verður vart. Þá yfirfer gæðastjóri ítarlega tilviljunarkennt úrtak (ákveðið af gæðaráði) á kennsluáætlunum, samsetningu námsmatsþátta, lokaskilum áfangaskýrslna og einkunagjöf í INNU.

Allt námsmat í Menntaskólanum í Kópavogi skal byggja á skriflegum námsmatsreglum viðkomandi deildar. Skal í þeim reglum tryggt að gætt sé meðalhófs, jafnræðis og sanngirni. Samræmi skal vera á milli kennara og áfanga innan deildar og tryggt að allt námsmat sé áreiðanlegt, réttmætt og byggji á hlutlægum mælikvörðum og huglægt mat kennara lágmarkað.

Innri úttektir

Í samræmi við ISO gæðakerfið skal fara fram regluleg innri úttekt á verklagsreglum og ferlum stofnunarinnar. Í MK er farið yfir alla verkferla á þriggja ára fresti og eru þá skrifaðir ferlar og fyrirmæli skoðuð og borin saman við daglega framkvæmd viðkomandi verkþáttar. Ef misræmi er greint á milli skjalfestra ferla og framkvæmdar á verkferlum er það hlutverk úttektaraðila

(gæðastjóra) í samvinnu við viðkomandi starfsmann (sem starfar eftir verklagsreglunni) að greina hvernig ná má samræmi þar á milli, annað hvort með breytingu á skjölum eða ábendingum um breytt og bætt vinnubrögð.

Á vorönn 2020 fór fram innri úttekt á eftirfarandi skjölum:

- VKL-203 Leiðbeining nema.
- VKL-305 Endurnýjun námsefnis.
- VKL-306 Gerð lokaprófa.
- VKL-403 Innri úttektir.
- VKL-404 Úrbætur áhættugreining.
- STS-009 Lög og reglur.

Á haustönn 2020 fór fram innri úttekt á eftirfarandi skjölum:

- VKL-205 Framistöðumat starfsmanna.
- VKL-206 Ráðning nýrra starfsmanna.

- VKL-207 Móttaka þjálfun og endurmenntun.
- VKL-210 Innkaup og endurnýjun tækja.
- VKL-211 Stýrt viðhald tækja.
- STS-013 Feril yfirlit.

Fjöl margar lagfæringar á stefnuskjölum, verklagsreglum og gátlistum voru samþykktar í gæðaráði MK í kjölfar ofangreindra úttekta en í einhverjum tilfellum var skerpt á framkvæmd til að halda samræmi við viðkomandi verklagsreglu.

Til viðbótar ofangreindum verklagsreglum voru fjölmörg önnur skjöl rýnd og endurbætt í framhaldi af ábendingum frá starfsmönnum, ásamt því sem nokkrir gátlistar og LSM skjölum var bætt við rekstrarhandbók skólans

Á árinu 2020 voru gerðar alls 86 breytingar á skjölum gæðakerfisins (breytt skjöl eða ný).

HACCP (GÁMES)

HACCP er gæðakerfi er tekur til matvælaeftirlits og hollustuhátta við framleiðslu og dreifingu matvæla. GÁMES hefur verið notað sem íslenska útfærslan á þessu kerfi en það er skammstöfun fyrir „Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða“. Við matvælanáms-hluta Menntaskólans í Kópavogi hefur um árabil verið beitt aðferðafræði í samræmi við GÁMES. Á síðustu misserum hefur hugtakið GÁMES vikið fyrir notkun á enska hugtakinu HACCP sem stendur fyrir Hazard Analysis and Critical Control Points.

Gerlamælingar eru hluti af þessu innra eftirlitskerfi og hafa verið reglubundnar í þeim hluta húsnaðis Menntaskólans í Kópavogi sem nýttur er fyrir Hótel- og matvælaskólann. Vegna

COVID-19 var ekki gerð gerlamæling á haustönn, enda skólinn lokaður.

Á hverju ári er gerð úttekt á hreinlæti af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og fór sú úttekt fram 14. febrúar 2020 en úrbótaskýrsla var send eftirlitinu þann 14.05.2020 þar sem farið var yfir alla þætti sem komu fram í athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins.

Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi eru í sífelldri þróun enda þurfa þau að standast mismunandi reglulegar ytri úttektir á hverju ári. Notkun gæðakerfa við rekstur og stjórnun skólans hefur sannað ágæti sitt og gert góðan skóla enn betri.



Félagslíf í MK

Árið 2020 var sérstakt fyrir félagslíf nemenda en nemendafélagið reyndi eftir bestu getu að finna leiðir til að halda starfseminni gangandi á þessum sérstöku tímum.

Árið byrjaði af krafti. Búið var að leggja talsverða vinnu í Gettu betur undirbúning. Liðið var annað stigahæsta tapliðið eftir tap gegn FS og komst áfram í aðra umferð, en þar laut það í lægra haldi eftir harða keppni við Versló. Þetta var í fyrsta skipti í langan tíma sem liðinu tókst að komast áfram í aðra umferð.

Söngkeppni var haldin með FG í janúar og var það í annað sinn sem það var gert. Sú framkvæmd hefur gengið mjög vel og mikill vilji til að halda samstarfinu áfram. Sigurvegari MK var Halldís Hjaltested og tók hún þátt í söngkeppni framhaldsskólanna sem fór fram að hausti.



Í febrúar fór fram Myrkramessuball í Austurbæ og gekk það vel. MK – deildin fór af stað í lok febrúar. Þann 13. mars var búið að skipuleggja Andvökunótt, sem átti að hefjast kl. 20:00 og standa yfir til 8:00 næsta morgun. Talsverð stemming var fyrir þessum viðburði, en búið var að ákveða að hafa hámarksfjölda nemenda 100 manns þar sem Covid smitum var tekið að fjölga. Það var svo þennan morgun sem tilkynnt var um að framhaldsskólum yrði lokað og í framhaldi af því var viðburðinum aflýst. Ekki voru haldnir fleiri viðburðir á vorönn vegna Covid-19.

Við upphaf haustannar voru leiðir skoðaðar til að halda viðburði miðað við gildandi takmarkanir. Í byrjun september náðist að halda nýnemadag utandyra. Nemendum var skipt í tvo hópa og boðið í Hlíðargarðinn þar sem farið var í leiki og boðið upp á veitingar og svo kom Herra Hnetusmjör sem leynigestur og skemmti hópunum. Tyllidagar voru rafrænir í nóvember. Boðið var upp á Fifa-mót, Among Us kvöld, auk þess sem Pétur Jóhann hélt uppistand eitt kvöld og Auddi og Steindi voru með Kahoot Pubquiz.

Þeir nemendur sem störfuðu á þessu ári í félagslífinu eiga hrós skilið fyrir að taka að sér þessi störf á fordæmalausum tímum, sem og fyrir vilja og ódrepani áhuga við að leita leiða til að gera eitthvað skemmtilegt fyrir og með samnemendum og á sama tíma fara eftir sóttvarnareglum.



Námsráðgjöf í MK

Fjölmenningarstefna

Í Menntaskólanum í Kópavogi njóta allir jafnrar virðingar óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, trú, stjórnmálaskoðunum, ætterni, fötlun eða félagslegri stöðu. Leitast er við að koma sérstaklega til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, aðstoð við heimanám, jafningjastuðningi og öðrum þeim ráðum sem að gagni mega koma til þess að þeim gangi sem best í náminu. Lögð er áhersla á að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðs fyrir skólasamfélagið.

Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna

Til að kanna íslenskukunnáttu nemenda af erlendum uppruna taka námsráðgjafar viðtöl við alla nýja nemendur af erlendum uppruna í byrjun annar til að afla upplýsinga um hvort þörf sé á sérstakri námsaðstoð.



Nemendum af erlendum uppruna og nemendum sem búið hafa lengi erlendis stendur til boða að taka íslensku sem annað mál (ÍSAN-áfanga). Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að skilja

námsefni í einstökum námsgreinum eiga kost á að fá sérstaka aðstoð hjá viðkomandi námsgreinakennara í sérstökum verkefnatímum.



Nemendur eru hvattir til að fara í stöðupróf í sínu móðurmáli og fá þær einingar metnar. MK hefur leitast við að halda stöðupróf í tungumálum en einnig verið í samstarfi við aðra framhaldsskóla. Nemendur fá aðstoð með yfirlestur á lokaritgerð hjá íslenskukennara óski þeir eftir því.

Fylgst er sérstaklega með námsgengi hvers og eins nemanda og reynt að bregðast strax við ef þörf er á.

Mentor

Ef nemandi af erlendum uppruna á í erfiðleikum með félagslega aðlögun og/eða vantar aðstoð við að skilja námsefnið vegna lítillar íslenskukunnáttu, stendur honum til boða að námsráðgjafi reyni að finna fyrir hann mentor. Hlutverk mentorsins er að aðstoða og styðja, hvort sem það er félagslega eða námslega.



Erlent samstarf

Skólinn leggur áherslu á erlent samstarf og skilgreinir það sérstaklega í skólanámskrá. Við skólann starfar alþjóðafulltrúi í hlutastarfi og sér um að halda utan um erlend verkefni skólans og styrkumsóknir. Alþjóðafulltrúinn sér einnig um starfsnám MK-nema erlendis og móttöku erlendra nemenda frá samstarfsskólum.

Erlend samstarfsverkefni af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu en verkefni af þessu tagi væru ekki möguleg nema fyrir tilstilli styrkja úr samevrópskum sjóðum sem ætlað er að styðja við menntun og samskipti skólafólks innan Evrópu.

Ferðir og samstarfsverkefni

Það er óhætt að segja að alheimsfaraldur Covid-19 hafi haft veruleg áhrif á erlent samstarf Menntaskólans í Kópavogi. Fresta hefur þurft mörgum verkefnum en mesta röskunin hefur þó verið í námsferðum verknámsnema til landa innan Evrópusambandsins. Frestur hefur fengist til nýtingar styrkja en óvíst er hvenær veitingastaðir á meginlandinu verða í stakk búnir til að taka á móti erlendum nemum í vinnustaðanámi. Fyrstu mánuði ársins var þó töluvert líflegt í alþjóðasamstarfinu.

Skólinn hefur undanfarin ár getað boðið hópi nýnema að taka þátt í nemaskiptaverkefni sem styrkt eru af Nordplus Junior. Samstarfslöndin í þessu verkefni eru, auk Íslands, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Eistland. Nemar úr MK fara utan til einnar viku dvalar og eru svo í hlutverki gestgjafa í eina viku á hverju skólaári. Skólaárið 2019-2020 var röðin komin að Lahti í Finnlandi og fóru tveir kennarar skólans þangað í vikuheimsókn ásamt 29 nemum í janúar 2020 og tóku síðan við gestum frá Lahti í marsbyrjun. Því miður þurfti að fresta öðru Nordplus verkefni í samstarfi við Nord-Gudbrandsdal videregående skula í Noregi og Midtfyns gymnasium í Ringe í Danmörku um óákveðinn tíma, en gert hafði verið ráð fyrir að það hæfist á haustönninni.

Frá árinu 2015 hefur Menntaskólinn í Kópavogi borið vottun **VET Mobility Charter** vegna náms- og þjálfunarverkefna í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB. Vottunin felur í sér ákveðinn gæðastimpil á erlend námsverkefni skólans og hjálpar til við að byggja upp samstarf við erlenda aðila. Einnig auðveldar þessi vottun alla áætlanagerð og kynningu á erlendum verkefnum fyrir nemendum og kennurum og skapar meiri festu í erlendu samstarfi.

Auk styrkja frá menntaáætlun ESB hefur skólinn reglulega fengið styrki frá Nordplus junior og menntunarsjóði EFTA landanna.

Tveir nemendur Ferðamálastólans fóru í marsbyrjun til þriggja vikna námsdvalar í Rovaniemi í norður Finnlandi með styrk frá Erasmus+ en þurftu að binda skjótan enda á dvöl sína vegna alheimsfaraldursins.

Svipaða sögu er að segja af námsverkefninu Digital Competences for Education sem styrkt er af Uppbyggingarsjóði EES. Verkefnið fólst í samvinnu við tékkneska menntaskólann Gymnazium Teplice um þróun námsefnis í stærðfræði. Til stóð að taka á móti 7 kennurum frá Tékklandi snemma árs en það tókst ekki fyrr en um mitt sumar. Einnig hefur þurft að seinka verkefni sem styrkt er af sama sjóði og fjallar um orku og umhverfismál og mun því haldið áfram í fjarvinnu á vorönn 2021.

Margir reyna að nýta sér tæknina til að halda uppi samskiptum milli landa. Bakaradeildin hefur gert tilraunir með rafrænar kennslustundir í samvinnu við finnskan skóla og í janúar 2021 stendur matreiðslunema úr MK til boða að taka þátt í Ólympíukeppni ungra matreiðslumanna sem skipulögð er á Indlandi en verður haldin í netheimum. Keppni evrópskra hótél- og ferðamálastóla í stjórnun, gestamóttöku og ferðakynningum var haldin á Teams í byrjun desember en til stóð að keppnin færi fram í Aveiro í Portúgal.

Afrekssviðið

Afrekssvið MK er nú á öðru starfsári sínu og á sviðinu eru rúmlega 130 nemendur úr sextán íþróttagreinum og tuttugu íþróttafélögum. Meirihluti nemenda eru drengir. Stúlkur telja um þriðjung, sem rímar við þátttökutölur úr íþróttahreyfingunni. Starf sviðsins hefur þurft að aðlagast aðstæðum vegna Covid-19 og æfingabanns á vorönn og haustönn. Nemendur hafa fylgt æfingaplani heima fyrir og fengið í hendurnar púlsmæla sem mæla ákefð og gæði æfinga. Þegar starfsemin gengur sinn vanagang æfa nemendur á ný stöðum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið undir handleiðslu framúrskarandi þjálfara.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar bættist á árinu í hóp samstarfsfélaganna Breiðabliks, Gerplu og HK og býður golfurum á sviðinu upp á eina bestu æfingaaðstöðu í heimi. Það er mikið fagnaðarefni hversu öflug félög standa að samstarfinu. Vöxtur afrekssviðsins og fyrirkomulag íþróttakennslu við MK veur nú upp háværar spurningar um íþróttaaðstöðu skólans en íþróttahús við skólann myndi stórbæta þjónustu við nemendur á afrekssviði sem og aðra nemendur við skólann.

Afrekssviðið leggur áherslu á að veita ungu íþróttafólki viðtækan stuðning og heildræna nálgun. Nemendur sem eru á fullu í íþróttum standa frammi fyrir krefjandi áskorun við að samræma þær við námið. Stuðningur og skilningur kennara og námsráðgjafa hefur verið mikill frá stofnun afrekssviðs og lögðu til að mynda allir mikið á sig við erfiðar aðstæður í Covid að gera sem best úr slæmum aðstæðum. Það ber að þakka.



Margir góðir gestir hafa látið sjá sig á Afrekssviðinu. Hlauparinn Arnar Pétursson, handboltakonan Sandra Erlingsdóttir, knattspyrnukonan Glódís Perla Viggósdóttir, umboðsmaðurinn Magnús Agnar Magnússon og Bjarki Aðalsteinsson, sérfræðingur í bandarískum háskólaíþróttum hafa verið meðal þeirra sem hafa ausið úr viskubrunnum sínum fyrir nemendur sviðsins. Lögð er áhersla á að nemendur fái fjölbreytta fræðslu um þjálffræði, næringarfræði, íþróttasálfræði og læri sömuleiðis að greina sig sjálf sem íþróttafólk.

Afrekssviðið lítur björtum augum á framtíðina og það verður spennandi að sjá hvernig það mun þróast á næstu árum. Það hefur verið stefna sviðsins að taka við nemendum sem sýna áhuga á að bæta sig og þróa sem íþróttafólk á sínum forsendum. Þegar hafa margir af Afrekssviðinu látið til sín taka á íþróttasviðinu svo eftir er tekið. Það er gleðilegt að á árinu 2021 munu útskrifast nemendur sem hafa farið utan í atvinnumennsku áður en þeir luku námi. Það er til fyrirmyndar að þessir nemendur hafi haldið sínu striki og fangar það vel kjarnann í starfi afrekssviðsins.

Forvarnir

Forvarnir eru mikilvægur þáttur í starfi Menntaskólans í Kópavogi. Leiðarljós skólans er m.a. að stuðla að bættri líðan nemenda og að þeir beri ábyrgð á eigin heilsu, jafnt innan skólans og á vegum hans sem og í einkalífi sínu.

Á árinu 2020 gegndi Helena Halldórsdóttir starfi forvarnafulltrúa. Forvarnafulltrúi hvetur nemendur og starfsmenn til heilbrigðra lífshátta t.d. með því að taka þátt í Lífshlaupinu, hvatningarverkefni Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Enginn annar er Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari í handbolta til margra ára var fenginn til að starta árlegri þátttöku MK í Lífshlaupinu að þessu sinni en markmið þessa öflugra forvarnarverkefnis er að hvetja fólk til að huga að þeirri daglegu hreyfingu sem nauðsynleg er fyrir andlega og líkamlega heilsu. Það er gaman að segja frá því að á árinu 2020 hafnaði MK í öðru sæti í Lífshlaupinu.



Á alþjóðadegi sjálfsvíga hélt forvarnafulltrúi MK fyrirlestur um sálræn áföll og ofbeldi. Á undanförunum erfiðum tímum hefur mikið verið rætt um aukningu á heimilisofbeldi, neyslu áfengis og sjálfsvíga. Því var ákveðið að upplýsa nemendur um hversu algengt það er að verða fyrir sálrænum áföllum, helstu einkenni þess, mikilvægi þess að leita sér aðstoðar og síðast en ekki síst hvert hægt sé að leita.

Í tilefni forvarnardagsins var Ásthildur Margrét Gísladóttir, sálfræðingur frá fyrirtækinu Betri svefn, fengin til að vera með fyrirlestur fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Markmið fyrirlestursins var að auka þekkingu á mikilvægi svefns og áhrifa hans á andlega líðan. Fyrirlesturinn var hluti af styrk sem Menntaskólinn í Kópavogi fékk frá Kópavogsbæ.

Í LÆSI voru fengnir nokkrir gestafyrirlesarar. Ástráður, kynfræðslufélag læknanema, hélt fyrirlestur um kynlíf, kynheilbrigði og samskipti. Einnig fengum við Bjargráð, félag læknanema og Hugrónu geðfræðslufélag í heimsókn. Bjargráður fjallaði um skyndihjálp og Hugrún um helstu geðraskanir.



Ferðamálastólínn

Ferðamálastólínn – vor 2020

Nemendum í Ferðamálastólánum hefur fækkað verulega undanfarin misseri og á vorönn 2020 voru einungis 8 nemendur við nám í skólanum. Ekki voru teknir inn nýir nemendur á vorönn. Kennir voru áfangarnir enska fyrir ferðapjónustu II, ferðalandafræði útlanda, markaðsfræði ferðapjónustu, stjórnun, umhverfi og ferðapjónusta og upplýsingatækni. Í dagskóla var kenndur einn ferðamálaáfangi á þriðja þrepi, FERÐ3CA05. Kennslan fór fram í fjarnámi og kom það sér vel fyrir nemendur og kennara því ekki þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana þegar skólum var lokað vegna Covid-19. Einn nemandi útskrifaðist sem ferðaráðgjafi í maí og hafði fengið starf sitt hjá ferðapjónustufyrirtæki metið til eininga.

Ferðamálastólínn – haust 2020

Í ljósi minnkandi aðsóknar að skólanum hefur Ferðamálastólínn verið lagður af í bili. Þeim nemendum sem áttu ólokna áfanga var boðið að halda áfram og munu þannig 5 nemendur útskrifast sem ferðaráðgjafar í maí 2021. Kennir voru áfangarnir farþókanir og farseðlaútgáfa og ferðalandafræði Íslands I og II. Í dagskóla var kenndur ferðamálaáfanginn FERÐ2BA05.

Til þess að fjölga í nemendahópnum var gripið til þess ráðs að bjóða kennda áfanga sem stök námskeið og tókst með því að fjölga í hópnum og voru þannig 14 nemendur skráðir í skólann á haustönn. Af þessum hópi luku, til dæmis, tólf nemendur farþókunaráfanganum sem er mjög góður grunnur fyrir störf í ferðapjónustu. Áfram var kennt í fjarnámi með nokkrum staðbundnum lotum. Engar breytingar urðu á kennaraliði skólans aðrar en þær að nýr kennari kenndi á Amadeus bókunarkerfið, en kennsluumhverfi

þess hefur tekið miklum stakkaskiptum og er núna allt á netinu. Anna María Jónsdóttir, sem hefur reynslu af Amadeus kennslu hjá Icelandair, tók að sér að sjá um námskeiðið sem mun vera það fyrsta sem haldið er hér á landi í nýja kerfinu.

Erlent samstarf

AEHT (Assosiation of European Hotel and Tourism Schools) hélt fund í framkvæmdaráði í byrjun mars í Aveiro í Portúgal. Fagstjóri ferðamálastólans sótti fundinn m.a. til að aðstoða við skipulagningu nemakeppni í ferðakynningum sem fyrirhuguð var á ársþingi samtakanna í Portúgal í nóvember. Ekkert varð af ársþinginu í Portúgal en í staðinn var boðið upp á rafrænt þing og nemakeppnir í gestamóttöku, stjórnun og ferðakynningum. Fagstjóri ferðamálastólans var yfirdómari í ferðakynningakeppninni sem fól í sér að koma með tillögur um uppbyggingu ferðapjónustu á Íslandi þegar ferðatakamörkun vegna Covid-19 hefur verið aflétt.

Innlent samstarf

Stýrihópur um formlegt nám í ferðapjónustu undir stjórn Hæfniseturs ferðapjónustunnar starfaði alla vorönn 2020 og skilaði af sér skýrslu á haustdögum. Þar kom m.a. fram að framboð náms á fjórða þrepi og háskólastigi væri fullnægjandi en vinna yrði bráðan bug að því að skipuleggja nám í ferðapjónustu á öðru og þriðja þrepi sem myndi henta jafnt innan formlega skólakerfisins og í fullorðinsfræðslu á vegum símenntunarmiðstöðvanna. Stjórnvöld hafa veitt fjármagni í þessa vinnu og tók Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu að sér að leiða verkið. Fulltrúar Menntaskólans í Kópavogi munu taka þátt í þessu þróunarverkefni.

Leiðsöguskólinn

Leiðsöguskólinn vor 2020

Á vorönn 2020 voru tvö kjörsvið í boði í Leiðsöguskólanum, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Í júní útskrifuðust 30 nemendur úr skólanum, 20 úr almennri leiðsögn og 10 gönguleiðsögumenn.

Almennt kjörsvið

Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsega erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringurinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað.

Nemendur fara í fjórar æfingarferðir í rútu þar sem þeir fá þjálfun í leiðsögn, en það krefst nokkurrar þjálfunar að segja frá úr sæti leiðsögumannsins og snúa baki í áheyrendur. Æfingaferðirnar eru Reykjavíkurförð, Reykjaneshringur, Gullhringurinn og tveggja daga ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð. Að auki fara nemendur í tvær prófferðir í rútu, Reykjavíkurförð og Gullhring, en þá er frásögnin tekin upp og síðan metin af prófdómurum. Við námsmatið er ekki bara tungumálakunnátta nemenda metin því frásögnin þarf bæði að vera áhugaverð og skemmtileg fyrir ferðamanninn og leiðsögumaður verður líka að fara rétt með staðreyndir. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsega og fá að auki leiðsögn frá staðkunnum leiðsögumönnum. Í öllum ferðum fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um það sem betur má fara í frásögn sem og framkomu. Kennsla var í höndum fimm kennara en að auki kom nokkur fjöldi gestafyrirlesara að kennslunni.

Af kjörsviðinu útskrifuðust 20 leiðsögumenn, 12 konur og 8 karlar. Að þessu sinni voru flestir nemendur með ensku sem kjörmál en fjórir útskrifuðust með spænsku. Einn nemandi útskrifaðist með tvö tungumál að þessu sinni. Níu úr hópnum hafa lokið meiraprófi og geta því tekið að sér ökuleiðsögn.

Gönguleiðsögn

Gönguleiðsögumenn eru fyrst og fremst þjálfaðir í að fara með ferðamenn í gönguferðir. Þar sem oftast þarf að nota rútu til að koma hópum á upphafsstað göngu, og margar ferðir eru blanda af gönguferð og rútuferð, þá fá nemendur á þessu kjörsviði einnig nokkra þjálfun í að leiðsega í rútu.



Nemendur fara í tvær æfingaferðir og eina prófferð í rútu og þjálfá sig í leiðsögn með hljóðnema. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun og fara nemendur í sólarhringsrötunarferð, æfingaferð í þverun straumvatna og á tvö helgarnámskeið: Vetrarferðamennska 1 og Ferðamennska á jöklum. Helgarnámskeiðin eru í umsjón Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Að auki þurfa nemendur að fara í tíu gönguferðir á eigin vegum og skrá upplýsingar í svokallaða loggbók. Ferðirnar þurfa að vera a.m.k. fjórar

klukkustundir á göngu. Nemendur læra um veðurfar á fjöllum og um jökla. Þeir fá þjálfun í hópstjórn og fá tilsögn í að nota skyndihjálpi fjarri alfaraleið, en ef slys ber að höndum í gönguferðum er oft nokkur bið á aðstoð og því mikilvægt að leiðsögumenn geti brugðist rétt við og búið vel um hinn slasaða. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir. Nemendur æfa sig í að lesa kort og nota áttavita og GPS tæki sem og leiðsagnartækni. Gist er í tjöldum og allur búnaður borinn á bakinu.

Margir kennarar og gestafyrirlesarar koma að kennslu í gönguleiðsögn en sex kennarar halda utan um bóklega áfanga annarinnar. Nýr kennari tók við kennslu í áföngunum Ferðamenska FEM102, Hópstjórn HÓS101 og VEV115 en það er lokaferð nemenda.

Tíu nemendur útskrifuðust úr gönguleiðsögn, 6 karlar og 4 konur, langflest með ensku sem kjörmál en einn var með spænsku og annar með frönsku auk enskunnar. Helmingur er með aukin ökuréttindi og einn hefur lokið Wilderness First Responder námskeiði, en það er 8 daga skyndihjálparnámskeið sem veitir alþjóðleg réttindi. Mælt er með að þeir sem taki að sér leiðsögn í ferðum fjarri byggð hafi lokið slíku námskeiði.

Val- og endurmenntunarnámskeið

Á vorönn velja nemendur í almennri leiðsögn fjórar einingar og nemendur í gönguleiðsögn tvær einingar. Fyrirlestrarir sem eru í boði eru nokkuð fjölbreyttir en hver fyrirlestur er fjórar kennslustundir. Á vorönn 2020 voru þessir fyrirlestrarir í boði: Íslendingasögur - teknar voru fyrir Njáls saga, Egils saga, Laxdæla og Grettis saga; Jarðfræði vinsælla gönguleiða á Íslandi; Laugavegurinn og Fimmvörðuháls, Reykjanes og Vatnajökulsleiðir. Einnig var fjallað um Norðurljós, stjörnuhimininn og manngerða hella auk fararstjórnar erlendis og kennt var á GPS tæki.

Svæðisleiðsögn

Leiðsöguskólinn er móðurskóli í leiðsögunámi og hefur sem slíkur haft hönd í bagga með þeim aðilum sem hafa staðið fyrir svæðisleiðsögunámi en svæðisleiðsögn hefur verið kennd víðsvegar um landið. Öll tungumálapróf eru metin af

prófdómurum Leiðsöguskólans sem tryggir að þeir sem útskrifast sem svæðisleiðsögumenn hér á landi standast sömu kröfur og gerðar eru til nemenda í Leiðsöguskólanum. Svæðisleiðsögunám var hvergi í boði á árinu.

Leiðsöguskólinn haust 2020

Innritun í Leiðsöguskólann fyrir skólaárið 2020-2021 var ágæt. Um 50 nemendur hófu nám í ágúst. Nokkuð meira er um að nemendur dreifi náminu á tvö skólaár þar sem margir voru á atvinnuleysisbótum og geta því ekki verið í fullu námi án þess að bætur þeirra skerðist. Fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nemenda en miðað er við að a.m.k. þrír nemendur séu í hverjum hópi. Að þessu sinni voru fimm hópar í áfanganum Tungumálanotkun TMN102. Enskan er langvinsælust en í því tungumáli voru fjórir hópar og einn hópur í þýsku. Engar breytingar voru á kennarahópi skólans að þessu sinni. Að vanda kom fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara að skólstarfinu.

Áhrif Covid-19

Kórónuveirufaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi Leiðsöguskólans bæði á vor- og haustönn. Frá miðjum mars fór öll kennsla fram í gegnum Zoom og fresta þurfti öllum æfinga- og prófferðum. Þar sem ekki náðist að senda nemendur í allar ferðir eftir að samkomutakmarkanir voru rýmkaðar fram að fyrirhuguðum útskriftardegi var útskrift frestað um 3 vikur. Á haustönn var ákveðið að senda kennslustundir út í gegnum Teams og höfðu nemendur val um að mæta í kennslustofu eða hlusta heima. Flestir mættu í skólann í upphafi annar en eftir því sem smitum fjölgaði þá kusu fleiri og fleiri að vera heima. Í byrjun október var kennsla alfarið færð á netið og kenndu flestir kennarar heiman að frá sér en í nóvember fóru einstaka nemendur að mæta aftur í tíma í skólanum. Bæði nemendur og kennarar skólans voru fljótir að aðlagast breyttu kennslufyrirkomulagi og einstaklega skilningsríkir og samvinnufúsir í þessum mjög svo sérstöku aðstæðum, fyrir það ber að þakka.

Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur

Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur var stofnuð við Menntaskólann í Kópavogi haustið 1999. Námið á brautinni er einstaklingsmiðað. Hver nemandi er með sína einstaklingsnámskrá. Námsmat er fjölbreytt og aðferðir taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Markmið náms og kennslu á starfsbraut eru:

- að stuðla að alhliða þroska nemandans.
- að veita nemendum einstaklingsmiðuð námstækifæri.
- að auka sjálfstraust, sjálfstæði og samskiptahæfni.
- að veita nemendum reynslu, þekkingu og færni sem nýtist þeim í daglegu lífi.



Námsgreinar sem kenndar eru á brautinni eru: íslenska, enska, stærðfræði, samfélagsgreinar, matreiðsla, bakstur og heilsuefning. Á þriðja- og fjórða ári er í boði að nemendur fari í starfsþjálfun, bæði innan skólans og úti á almennum vinnumarkaði. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að kenna nemendum félagsfærni.

Vorönn 2020

Á vorönn stunduðu 18 nemendur nám á brautinni. Nemendur skiptast í þrjá hópa eftir því hversu umfangsmikil fötlun þeirra er. Starfið gekk vel og var með

hefðbundnum hætti þar til í mars þegar samkomutakmarkanir tóku gildi í samfélaginu vegna Covid-19. Starfsbrautin fékk þó undanþágu til að starfa áfram með vissum takmörkunum. Á vorönn var lögð sérstök áhersla á þætti er snúa að heilsu og vellíðan nemenda og m.a. var kennt Yoga og núvitund.

Haustönn 2020

Á haustönn 2020 stunduðu 18 nemendur nám á brautinni. Fimm nýnemar hófu nám í byrjun annar. Hefur flestum nýnemunum gengið vel að aðlagast nýju skólaumhverfi og nýjum skólafélögum. Covid-19 hafði áhrif á kennsluna á haustönn, en þó gekk vel miðað við breyttar aðstæður. Það var mikill munur þegar kennsla hófst að nýju í verklegum áföngum. Í fyrsta skipti fengu nemendur á starfsbraut verklega kennslu í bakstri ásamt matreiðslunni. Sex nemendur tóku þátt í áfanganum.



Mikilvægi verklegrar kennslu er mikið fyrir nemendur á starfsbrautinni og því er þetta mjög ánægjuleg viðbót.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisfulltrúi MK er María Hjálmtýsdóttir.

Árið 2020 var ekki hefðbundið í neinum skilningi og skólastarf er þar hvergi undanskilið. Þó er skemmtilegt frá því að segja að jafnréttisvika Menntaskólans í Kópavogi var haldin með pomp og prakt, eins og endranær, fyrstu vikuna í mars og má því segja að hún hafi rétt sloppið undan Covid. Við fengum fyrirlestra um klámvæðingu og kynlífsmenningu, kynlíf, kvíða, ungar konur í atvinnulífinu, líkamsvirðingu og fitufordóma og fleira. Einnig horfðum við á heimildamyndir og þætti um hinseginleikann, stríðsátök, neteinelti, transbörn og ýmislegt annað.

Það sem eftir lifði árs notaði jafnréttisfulltrúi skólans tæknina og hlýddi á rafræn málþing og fyrirlestra. Þar ber helst að nefna málþing Menntamálaráðuneytisins um nema af erlendum uppruna,

Geðhjálp um stráka í kerfinu, Samtakanna '78 um hinsegin framhaldsskólanema, Kvænna-

athvarfsins um börn og heimilis-ofbeldi, Háskóla Íslands um transfólk og femínisma og börn fólks með geðrænan vanda.

Nemendur í kynjafræði við skólann hlýddu á rafrænt málþing kynjafræðinema sem er haldið á hverri önn í samstarfi við Jafnréttisdaga Háskóla Íslands við góðan orðstír.

Félag kynjafræðikennara var stofnað á árinu og er jafnréttisfulltrúi MK varaforstýra félagsins.

Ný og metnaðarfull jafnréttisstefna og jafnréttis-áætlun fyrir Menntaskólann í Kópavogi var gerð og samþykkt á skólafundi á árinu.

Kynjafræði var gerð að skyldufagi við Menntaskólann í Kópavogi á árinu og ýmislegt er í farvatninu til að auka veg og vanda jafnréttismála. Vegna Covid var þó flestu frestað þar til betur árar og tíminn nýttur til undirbúnings, skrafs og ráðagerða.




Fagnámskeið

Löng hefð er fyrir námskeiðahaldi í Menntaskólanum í Kópavogi. Sæmundur fróði (símenntunarstöð) hefur verið lagður af um tíma, en áfram er áhugi á alls kyns námskeiðum í samstarfi við stéttarfélög og fleiri aðila. MK og Efling stéttarfélag hafa um nokkurra ára bil staðið fyrir Fagnámskeiðum I - III en það er sveigjanlegt lotutengt nám í grunnnámsgreinum matvæla og veitingagreina. Námið er skipulagt með þarfir fullorðinna og starfandi fólks í huga.

Mikið er lagt upp úr gagnsemi námskeiðanna og er markmiðið að auka færni starfsfólks til að sinna störfum sínum í mötuneytum og eldhúsum og til að takast á við fjölbreytileg og síkrefjandi störf í atvinnugreininni. Kennslan beinist að raunverulegum viðfangsefnum þar sem tilteknir verkþættir eru æfðir undir handleiðslu fagfólks á viðkomandi sviði. Fyrir Ökuskólann í Mjódd hafa verið haldin námskeið fyrir starfandi leigubílstjóra: *Leiðsögn um Reykjavík og nágrenni* og *Hagnýt atriði í þjónustu við erlenda ferðamenn*. Á vegum matvælafræðisins hafa verið í boði ýmiss endurmenntunarnámskeið í matvælagreinum, svo sem námskeið í ostagerð, súrdeigsgerð og ofnæmisfæðisnámskeið.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu árið 2020 (Covid) náðist aðeins að bjóða upp á nokkur námskeið áður en takmarkanir á skólahaldi tóku gildi. Í janúar og febrúar voru námskeið um Sjálfbærni í ferðaþjónustu og Ofnæmisnámskeið í samstarfi við Iðuna fræðslusetur og Fagnámskeiði II í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.



Skólanefnd 2020

Aðalmenn án tilnefningar

María Guðjónsdóttir
Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
Steinþór Jónsson

Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar

Flosi Eiríksson formaður
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Varamenn án tilnefningar

Theodór Bender
Pétur Magnús Birgisson
Andri Steinn Hilmarsson

Varamenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar

Anna María Bjarnadóttir
Jón Guðlaugur Magnússon

Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir

Áheyrnarfulltrúi foreldra

Guðný Karen Ólafsdóttir

Áheyrnarfulltrúi nemenda

Formaður nemendafélagsins, Egill Orri Elvarsson

Mannauður 2020

Stjórnendur

Guðríður Eldey Arnardóttir
Hjördís Einarsdóttir
Baldur Sæmundsson
Helene H. Pedersen
Sigríður Guðrún Sveinsdóttir

Skólameistari
Aðstoðarskólameistari
Áfangastjóri verknáms
Áfangastjóri bóknáms
Náms- og skrifstofustjóri

Kennarar

Adolf Hólm Petersen
Aleksandra Kojic
Anna Fanny Ólafsdóttir
Ásgeir Þór Tómasson
Ásthildur Guðmundsdóttir
Bára Dröfn Kristinsdóttir
Bárður Guðlaugsson
Bergrós Ásgeirsdóttir
Björgvin Friðriksson
Caroline Nicholson

Félagsgreinar
Félagsfræði
Stærðfræði
Bakaraiðn
Bakaraiðn, leyfi á haustönn
Jarðfræði, á haustönn
Framreiðsla
Franska
Tölvur / upplýsingatækni á vorönn
Enska

Dóra Svavarsdóttir	Matreiðsla, á haustönn
Elín Guðmannsdóttir	Efnafræði
Elísabet Björnsdóttir	Enska
Elísabet Heiður Jóhannesdóttir	Næringarfræði, á haustönn
Elisabeth Saguar	Spænska
Eva Hrönn Stefánsdóttir	Enska
Eygló Erla Þórisdóttir	Íslenska, á haustönn
Eygló Ingólfssdóttir	Sérkennsla
Eyþór Eiríksson	Stærðfræði, á haustönn
Garðar Vilhjálmsson	Viðskiptagreinar / gæðastjóri
Gerður Bjarnadóttir	Íslenska
Guðbjörn Sigurmundsson	Íslenska
Guðjón Snæfeld Magnússon	Skyndihjálp
Guðlaug Ragnarsdóttir	Matvælagreinar
Guðný Pálsdóttir	Enska
Guðný Jónsdóttir	Matvælagreinar
Guðríður Hrund Helgadóttir	Þýska, kennslustjóri á haustönn
Guðrún Angantýsdóttir	Stærðfræði
Guðrún Sjöfn Axelsdóttir	Stærðfræði, á haustönn
Guðrún Sigurgeirsdóttir	Matsveinanám
Hallgrímur Sæmundsson	Framreiðsla
Haraldur Árni Þorvarðarson	Bakaraiðn, á haustönn
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	Ferðafræði
Heiðrún Hjaltadóttir	Enska
Heimir Freyr Hálfðanarson	Íslenska
Helena Halldórsdóttir	Sálfræði/forvarnarfulltrúi
Hermann Þór Marinósson	Matreiðsla
Hildur Guðrún Hauksdóttir	Danska
Hildur Seljan Indriðadóttir	Enska, á haustönn
Hinrik Carl Ellertsson	Matreiðsla
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Stærðfræði, á haustönn
Hugó Rasmus	Stærðfræði
Inga Karlsdóttir	Íslenska, íslenska fyrir útlendinga
Ingibjörg Haraldsdóttir	Eðlisfræði
Ingunn Gylfadóttir	Danska, á vorönn
Íris Mjöll Ólafsdóttir	Upplýsingatækni/tölvuumsjón
Jóhannes Geir Númason	Kjötiðn, leyfi á haustönn
Jón Eggert Bragason	Stærðfræði/raungreinar, á vorönn
Jóna Björk Viðarsdóttir	Næringarfræði, á vorönn
Jorge Eduardo Montalvo	Jarðfræði, á vorönn
Kristín Bjartmarsdóttir	Ferðagreinar/viðskiptagreinar
Laufey Ófeigsdóttir	Sálfræði, leyfi á vorönn
Margrét S. Sigbjörnsdóttir	Matartæknar
Margrét S. Sigurðardóttir	Líffræði, leyfi á haustönn
María Hjálmtýsdóttir	Spænska/kynjafræði/jafnréttisfulltrúi
María Ben Ólafsdóttir	Félagsgreinar, leyfi á haustönn
Nanna Andrésdóttir	Sérkennsla
Ólafur Þór Þorsteinsson	Sagnfræði
Ólöf Björg Kristjánsdóttir	Fatahönnun/viðskiptagreinar
Ragnheiður Lárusdóttir	Lífsleikni/íslenska, leyfi
Rolandas Mineika	Tölvur/netumsjón, á haustönn
Sara Pétursdóttir	Íslenska
Sigmar Pétursson	Framreiðsla, á vorönn
Sigríður Þórðardóttir	Íslenska
Sigrún Guðmundsdóttir	Viðskiptagreinar
Sigrún Óskarsdóttir	Viðskiptagreinar/stærðfræði
Sigurður Daði Friðriksson	Matreiðsla

Sigurlaug Rúnarsdóttir
 Silja Brá Guðlaugsdóttir
 Soffía Ófeigsdóttir
 Sólveig Ebba Ólafsdóttir
 Stefán Svavarsson
 Styrmir Karlsson
 Unnsteinn Ó. Hjörleifsson
 Vilhjálmur Þór Sigurjónsson
 Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir
 Þórir Bergsson
 Ægir Friðriksson

Danska, leyfi á vorönn
 Framreiðsla
 Íslenska
 Stærðfræði, leyfi á haustönn
 Saga, leyfi á vorönn
 Matreiðsla, á haustönn
 Matreiðsla
 Stærðfræði/tölvuumsjón
 Líffræði, á haustönn
 Viðskiptagreinar
 Matreiðsla

Annað starfsfólk

Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal
 Daði Rafnsson
 Daníel Ingi Guðmundsson
 Díaná Rut Árnadóttir
 Dóra Björg Jónsdóttir
 Dorota Piotrowska
 Ernesta Cibulskiene
 Elísabet H. Guðmundsdóttir
 Geirlaug Ingólfssdóttir
 Guðmundur Kristinn Jónsson
 Guðni Jónsson
 Guðrún S. Helgadóttir
 Gunnfríður Friðriksdóttir
 Helga Lind Hjartardóttir
 Ingibjörg Jónsdóttir
 Josephine R. Mangubat
 Jóhanna Aradóttir
 Jóhanna Jónsdóttir
 Jón Ingvar Valdimarsson
 Katarzyna Baranowska
 Kristín Hrönn Þráinsdóttir
 Magnea Þorbjörg Einarsdóttir
 María Lilebeth T. Oriol
 Marzena B. Kulikowska
 Minming Wu
 Miranda Dorota Borowska
 Pawel G. Piotrowski
 Ragna Gísladóttir
 Sóley Líf Bergsdóttir
 Svetlana Pushkar
 Wioletta Mierzejewska
 Þórarinn Halldórsson
 Þórdís Þórisdóttir

Fagstjóri ferðamálanáms
 Fagstjóri afrekssviðs
 Stuðningsfulltrúi
 Þjónustuliði, á vorönn
 Fulltrúi
 Mötuneyti
 Matráður
 Fjármálastjóri
 Þjónustuliði
 Innkaupastjóri
 Stuðningsfulltrúi
 Námsráðgjafi
 Þjónustuliði
 Náms- og starfsráðgjafi/þýska, á haustönn
 Bókasafnsfræðingur
 Þjónustuliði, á haustönn
 Félagslífs- og mætingarfulltrúi
 Þroskaþjálfari
 Netstjóri, leyfi
 Þjónustuliði, leyfi á haustönn
 Fagstjóri leiðsögunáms
 Þjónustuliði
 Þjónustuliði
 Þjónustuliði, á haustönn
 Þjónustuliði á haustönn
 Mötuneyti
 Þjónustuliði, á vorönn
 Ræstingastjóri
 Þjónustuliði, á haustönn
 Mötuneyti, á vorönn
 Þjónustuliði
 Umsjónarmaður fasteigna
 Náms- og starfsráðgjafi


Fjármál 2020

Yfirlit um afkomu 2020

miðað við bókhald 18.03.2021

Tekjur	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.411.384.618	1.343.700.000	67.684.618	5,0%
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	11.185.668	22.531.146	-11.345.478	-50,4%
Sértekjur	79.910.676	102.281.851	-22.371.175	-21,9%
Aðrar rekstrartekjur	13.681.934	12.786.525	895.409	7,0%
Samtals	1.516.162.896	1.481.299.522	34.863.374	2,4%
Gjöld				
Laun	1.093.622.912	1.064.632.130	28.990.782	2,7%
Ferðir og fundir	11.134.635	10.209.533	925.102	9,1%
Rekstrarvörur	46.153.877	67.576.053	-21.422.176	-31,7%
Aðkeypt þjónusta	48.911.836	42.314.908	6.596.928	15,6%
Húsnæði	315.599.545	313.391.845	2.207.700	0,7%
Rekstrarkostnaður	609.038	3.555.102	-2.946.064	-82,9%
Afskriftir	11.185.668	22.531.128	-11.345.460	-50,4%
Samtals	1.527.217.511	1.524.210.699	3.006.812	0,2%
Áætluð afkoma (-tap) ársins		-11.054.615		

Skipting rekstrarkostnaðar 2020



Samanburður 2020 - 2019

Tekjur	2020	2019	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.411.384.618	1.426.896.442	-15.511.824	-1,1%
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	11.185.668	26.927.343	-15.741.675	-58,5%
Sértekjur	79.910.676	102.965.222	-23.054.546	-22,4%
Aðrar rekstrartekjur	13.681.934	14.216.247	-534.313	-3,8%
Samtals	1.516.162.896	1.571.005.254	-54.842.358	-3,5%
Gjöld				
Laun	1.093.622.912	1.115.256.070	-21.633.158	-1,9%
Ferðir og fundir	11.134.635	19.898.347	-8.763.712	-44,0%
Rekstrarvörur	46.153.877	68.818.194	-22.664.317	-32,9%
Aðkeypt þjónusta	48.911.836	39.444.262	9.467.574	24,0%
Húsnæði	315.599.545	315.747.082	-147.537	0,0%
Rekstrarkostnaður	609.038	3.320.694	-2.711.656	-81,7%
Afskriftir	11.185.668	26.927.343	-15.741.675	-58,5%
Samtals	1.527.217.511	1.589.411.992	-62.194.481	-3,9%
Afkoma (-tap) ársins	-11.054.615	-18.406.738		

Framlag ríkissjóðs til rekstrar lækkar milli árána 2019 og 2020 þar sem reiknað var með færri nemendum í skólanum á árinu 2020. Aðrar tekjur lækka sem rekja má til Covid 19. Mötuneyti fyrir nemendur skólans var starfrækt fyrstu tvo og hálfan mánuð ársins svo að tekjur vegna mötuneytis lækka frá fyrra ári en matarinnkaup lækkuðu að sama skapi. Erlent samstarf nemenda í gegnum Nordplus og Erasmus var með minnsta móti vegna Covid 19. Launakostnaður lækkaði sem rekja má m.a. til færri nemenda og skipulagsbreytinga. Nemendafjöldinn lækkaði ekki eins og vænta mátti þar sem skólinn tók inn nemendur á matvælasviði á haustönn, tímabundið vegna Covid 19. Afskriftir lækka allverulega sem skýrist af því að afskriftartími loftræstilofta eldhúsa sem sett voru upp 2017 og 2018 var lengdur úr 10 árum í 20 ár.

Afkoma 2017 - 2020

í m.kr.

	2017	2018	2019	2020
Tekjur	1.341,4	1.446,0	1.571,9	1.516,8
Gjöld	1.331,6	1.397,9	1.590,3	1.527,9
Afkoma (-tap)	9,8	48,1	-18,4	-11,1

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Ríkisaðili	Menntaskólinn í Kópavogi	Ráðuneyti	Mennta og menningarmálaráðuneyti				
Ábyrgðaraðili	Guðríður Eldey Arnardóttir, skólameistari						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p>Skólinn er kjarnaskóli í hótél- og matvælagreinum sem og ferðagreinum samhliða því að bjóða upp á almennt bóknám. Skólinn hefur lagt sérstaka áherslu á upplýsingatækni í öllu skólastarfi og sérstaklega er fjallað um jafnréttis – og umhverfismál innan skólans þvert á námsgreinar. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli þar sem boðið er upp á hollan og næringarríkan mat í mótuneyti skólans. Skólinn hefur þegar fengið jafnlaunavottun á árinu 2019. Í skólanum er einnig starfsbraut fyrir nemendur með einhverfu og skólinn sinnir kennslu í Krýsuvík. Fjöldi nemenda við skólann við upphaf haustannar 2019 var 925, 870 í dagskóla og 55 í kvöldskóla. Af nemendum skólans eru 211 nemendur innritaðir í matvælagreinar og 48 í ferðagreinar. Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi er á heimasíðu skólans, www.mk.is, og var síðast endurskoðuð í mars 2017. Allar námsbrautir skólans hafa hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.</p> <p>Um þessar mundir er verið að innleiða nýtt skjalavistunar- og málakerfi sem mun hafa í för með sér aukið utanumhald og betra skipulag gagna. Fyrir liggur stórt verkefni um innleiðingu á nýjum lögum um persónuvernd. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað í Kópavogi og sækja þeir í auknum mæli nám sitt í skólann. Skólinn hefur sett sér fjölmenningsstefnu og móttökuáætlun og verkefni framundan að aðlaga skólastarfið að þörfum þessa hóps en þegar er boðið upp á sérhannað íslenskunám fyrir nemendur af erlendri rót og verið er að skoða frekari stuðning í íslensku þvert á námsgreinar.</p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A1	Minnka brottfall nýnema í bók- og verknámi og auka hlutfall innritaðra nýnema sem ljúka námi við skólann.		Brottfall nemenda á fyrsta námsári	Skráning nemenda í Innu	5%	5%	5%
			Fjöldi nemenda sem ljúka fyrsta ári og innritast á annað námsár við skólann	Skráning nemenda í Innu	76%	80%	90%
Tengist markmiði málaflökks							
Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma							

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A1.1	Stofnun afreksípróttasviðs við skólann með sérstökum umsjónarkennara				2019	2022	
A1.2	Sérstök umsjón með nýnemum, vikulegir fundir og eftirlit með mætingum				2017	2022	
A1.3	Ráðning fjarvista- og nemendafulltrúa sem fylgist með mætingum nemenda og heldur utan um eldri nemendur				2018		
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A2	Fjölga nemendum í kjötið/bakstri og leita samstarfs við verknámsskóla á landsbyggðinni t.d. með fjarnámi og staðlotum.		Fjöldi innritaðra nemenda	Gögn úr Innu	4/11	10/20	30/40
			Fjöldi útskrifaðra nemenda	Fjöldi við útskrift	5/12	10/20	30/40
Tengist markmiði málaflökks							
<i>Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A2.1	Kennsla í Ferðamálastólendurskoðuð og boðið upp á fjarnám með staðlotukerfi.				2019	2021	
A2.2	Sérstök kynning á matsveinanámi og matartæknanámi og starfsfólki mótuneyta auðveldað að öðlast starfsréttindi í greininni með síðdegis- og kvöldkennslu.						
A2.3	Kynningarafangi matvælagreina fyrir nemendur að loknum grunnskóla, aðstoð við að komast á námssamninga að fyrsta námsári loknu.						
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A3	Fyrirkomulag fullorðinsfræðslu endurskoðuð og aðgengi vinnandi fólks auðveldað.		Nemendafjöldi í Ferðamálastólendurskoðunum	Fjöldatölur Innu	8	20	30
			Nemendafjöldi í Leiðsöguskólanum	Fjöldatölur Innu	40	50	60
			Fjöldi námssamninga nemenda í grunndeild matvæla *	Hlutfall námssamninga	30%	50%	80%
Tengist markmiði málaflökks							
<i>Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A3.1	Kennsla í Ferðamálastólendurskoðuð og boðið upp á fjarnám með staðlotukerfi				2019	2021	
A3.2	Sérstök kynning á matsveinanámi og matartæknanámi og starfsfólki mótuneyta auðveldað að öðlast starfsréttindi í greininni með síðdegis- og kvöldkennslu.				2017	2019	
A3.3	Kynningarafangi matvælagreina fyrir nemendur að loknum grunnskóla, aðstoð við að komast á námssamninga að fyrsta námsári loknu. Sérstök markaðssetning matvælagreina með markvissu fjölmiðla- og kynningarstarfi.				2017	2019	

**Íðan heldur utan um námssamninga í dag og því hefur skólinn ekki nákvæm gögn um þá samninga. Aukin skilvirkni myndi felast í því að verknámsskólar héldu sjálfir utan um námssamninga.*

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

B Rekstrarþættir						
<p>Mannauður: Kennarar og aðrir starfsmenn við skólann eru 105. Kennarar eru 76 í 72,5 stöðugildum. Innan Ferðamála – og leiðsöguskólans starfa stundakennarar. Stjórnunarteymi skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra bóknáms, áfangastjóra verknáms, fjármálastjóra og skrifstofustjóra í 6 stöðum. Með stjórnunarteymi starfar gæðastjóri í hálfri stöðu. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann í einu og hálfu stöðugildi. Starfsmaður í einu stöðugildi hefur eftirlit og utanumhald með mætingum og styður við félagslíf nemenda.</p> <p>Stefnur skólans: Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við markmið og áherslur í skólastarfinu. Þær eru stefna MK, hlutverk og leiðarljós, alþjóðastefna, forvarnastefna, fjölmenningsstefna, gæðastefna, heilsustefna, jafnréttisstefna, menntastefna, starfsmannastefna, umhverfisstefna, upplýsingatæknistefna, vinnuverndarstefna, innkaupastefna og eineltis- og áreitnistefna. Allt starf skólans er gæðavottað og fylgir skýrum og skilgreindum verkferlum skv. ISO9001:2015 og HACCP hvað varðar matvælagreinar.</p> <p>Skólinn er bóknáms- og verknámsskóli og byggir á þremur stöðum bóknáms, ferðamálanáms og náms í matvælagreinum og er bæði kennt á daginn og kvöldin. Vorið 2020 verður í fyrsta skipti í langan tíma boðið upp á fjarnám í Ferðamálastólaskólanum og einstaka kenndum bóknámsáföngum.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B1	Innkaupaferli skólans verði endurskoðað	Innkaup verði sundurliðuð eftir mismunandi kostnaðarstöðum	Kostnaður vegna hrávörukaupa	Grunnstaða 100	Lækkun um 5%	Lækkun um 10% frá 2018
		Að innkaup verði hagkvæmari og skólanum bjóðist betri verð frá birgjum	Samningar við birgja		Að fyrir liggi samningar við helstu birgja skólans	Að öll innkaup fylgi gerðum samningum
		Að nemendur vinni einungis úr úrvalshráefnum með lágmarks kostnaði				
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Starfslýsingu og ábyrgðarsviði innkaupastjóra breytt				2019	2020
B1.2	Nákvæm greining á rekstrarkostnaði mismunandi eininga skólans				2019	2021
B1.2	Skýrari verkferlar og innanhúss áætlanir um pantanir og móttöku hráefnis				2019	2021

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B2	Aðstaða skólans til verklegrar kennslu skuli bætt enn frekar og verði framúrskarandi					
		Aðstaða í bakaríi				
		Aðstaða í kennslueldhúsum				
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Endurnýjun þriðja kennslueldhúss ásamt framreiðslulínu í mötuneyti nemenda					
B2.2	Endurnýja kalt eldhús					
B2.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B3	Betri nýting fjármuna		Starfslýsingar			
			Rýni starfsfólks á eigin verkefnum			
			Yfirvinnuhlutfall			
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Dregið úr tilfallandi yfirvinnu með skýrari verkaskiptingu				2020	2022
B3.2	Starfslýsingar og verkaskipting endurskoðuð meðal stjórnenda					